

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 102/1964. **Björn Ársælsson** (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
 gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús
 Þ. Torfason.**

Skuldamál vegna innstæðulausrar tékkávísunar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júní 1964 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Garðar S. Gíslason kaupmaður, sem andaðist hinn 9. desember 1962, gaf út, að sögn áfrýjanda í nóvember þ. á., tékka þann, sem í máli þessu greinir. Tékkinn tjáist vera útgefinn 21. desember 1962 til handhafa og nemur kr. 24.800.00, er greiðast skyldu í Samvinnusparisjóðnum í Reykjavík. Garðar S. Gíslason seldi áfrýjanda tékka þenna í hendur. Áfrýjandi geymdi síðan tékkann til 24. desember 1962, en þann dag fól hann Karli Guðmundssyni sjómanni að framvisa tékkanum á skrifstofu stefnda sem greiðslu á opinberum gjöldum áfrýjanda. Á skrifstofunni var tekið við tékkanum, er Karl hafði ábakið hann, kvittun veitt fyrir sköttum áfrýjanda, kr. 11.374.00, og Karli greiddur mismunurinn á fjárhæð tékkans og sköttunum, kr. 13.426.00, í peningum, og gerði Karl áfrýjanda skil á þessari fjárhæð. Af hendi stefnda var viðtaka tékkans reist á þeirri augljósu forsendu, að innstæða væri fyrir honum í sparisjóðnum. En nú hafði reikningi Garðars S. Gíslasonar verið lokað í sparisjóðnum hinn 8. desember 1962. Af þeim sök-

um raknaði við krafa stefnda um hin opinberu gjöld, kr. 11.374.00, enda eigi vefengt, að þau séu réttilega á lögð. Karl Guðmundsson fór með erindi áfrýjanda, þá er hann framvísaði tékkanum á skrifstofu stefnda og fékk þar kr. 13.426.00 af fjárhæð hans greiddar í peningum. Reiðufé þetta rann til áfrýjanda, sem notaði kr. 2.000.00 af því sem greiðslu til Karls. Svo vaxin málsatvik leiða að lög-rökum til þess, að áfrýjanda beri að endurgreiða stefnda þessa fjárhæð.

Með tilvisun til þess, sem nú var rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Björn Ársælsson, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí s.l., hefur gjaldheimtu-stjórinn í Reykjavík fyrir hönd Gjaldheimtunnar höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Birni Ársælssyni verzlunarmanni, Álftamýri 8, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. febrúar 1964. Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 24.800.00 með 8% ársvöxtum frá 24. desember 1962 til greiðsludags og málskostnað að mati dómara. Stefndi hefur hins vegar *aðallega* krafizt algerrar sýknu af öllum kröf-um stefnanda svo og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, *til vara* hefur hann krafizt sýknu, að svo stöddu, og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Aðiljar máls þessa hafa lýst því yfir, að tilgangslaust sé að leggja mál þetta fyrir sáttanefnd, en mál þetta er ekki rekið sem tékkamál, heldur almennt skuldamál.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. desember 1962 kom Karl Guðmundsson, þá til heim-lis að Skipholti 40, Reykjavík, í afgreiðslu Gjaldheimtunnar í

Reykjavík, Tryggvagötu 28, og framseldi þar tékka, að fjárhæð kr. 24.800.00, en tékka þenna hafði Garðar S. Gíslason, Faxatúni 6, Garðahreppi, gefið út til handhafa á hlaupareikning nr. 49 í Samvinnusparisjóðnum í Reykjavík, og var útgáfudagur skráður 21. desember 1962. Með tékka þessum greiddi Karl opinber gjöld fyrir stefnda, samtals kr. 11.374.00, og fékk til baka af tékkanum kr. 13.426.00.

Við framvísun í Samvinnusparisjóðnum reyndist ekki innstæða fyrir tékka þessum, og hafði áðurnefndum hlaupareikningi Garðars S. Gíslasonar, útgefanda tékkans, verið lokað 8. desember 1962.

Lézt Garðar 9. desember s. á.

Stefndi hefur komið fyrir dóm, bæði sakadóm og bæjarþing Reykjavíkur. Hefur hann gefið þar skýrslu svo og Karl Guðmundsson. Skýrði stefndi svo frá fyrir sakadómi 17. janúar 1963, að hann hefði fengið tékka þenna hjá Garðari S. Gíslasyni einhvern tíma í nóvembermánuði 1962. Hefði hann (stefndi) lánað Garðari kr. 24.800.00 og fengið tékkann sem tryggingu, en hann hefði hljóðað upp á sömu fjárhæð. Tékkinn hefði verið dagsettur fram í tímann, eða 21. desember 1962, en Garðar lofað, að þá skyldi verða til innstæða fyrir honum. Þessa skýrslu hefur stefndi ítrekað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1963 og þar bætt því við, að hann hefði ekki kannað það, eftir að útgáfudagur rann upp, hvort innstæða væri fyrir tékkanum. Áður hafi komið fyrir, að Garðar hafi greitt sér með innstæðulausum tékkum og dagsett þá fram í tímann, en innstæða þó jafnan verið fyrir hendi, þegar hinn skráði útgáfudagur rann upp.

Skýrslur þeirra Björns og Karls hafa einnig leitt í ljós, að þeir stefndi og Karl hittust 24. desember 1962, og bað Karl stefnda um að greiða sér kr. 2.000.00, sem hann hafði lánað stefnda. Þetta kvaðst stefndi ekki geta með öðru móti en því, að Karl tæki umræddan tékka, færi með hann í Gjaldheimtuna og greiddi þar opinber gjöld sín, en af því fé, sem gefið yrði til baka, gæti hann fengið greiddar þær kr. 2.000.00, sem hann ætti.

Fór Karl síðan til Gjaldheimtunnar, afhenti tékkann og fékk kvittun fyrir greiðslu á opinberum gjöldum stefnda. Mismuninn á þeim og fjárhæð tékkans fékk Karl greiddan í peningum. Fór hann síðan aftur til stefnda, afhenti honum peningana og kvittunina fyrir gjöldunum, en fékk aftur greiddar áðurnefndar kr. 2.000.00.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að hann hafi samhliða málshöfðun þessari lýst kröfu samkvæmt greindum tékka í dánarbú Garðars S. Gíslasonar, og mundi því stefndi verða aðili að þeirri kröfu, ef hann greiddi stefnufjárhæðina, áður en búskiptum væri lokið, en stefnukrafan að öðrum kosti lækka um þá fjárhæð, sem greiðast kann úr búinu.

Stefnandi hefur haldið fram máli sínu til stuðnings, að stefndi sé hinn raunverulegi skuldari. Ástæðan fyrir því, að Karli Guðmundssyni sé ekki stefnt, þótt hann sé skuldari að formi til, sé sú, að stefndi sé hinn raunverulegi skuldari og Karl sé ólíklegur borgunarmaður skuldar þessarar. Kröfur sínar eigi stöð í almennum bótareglum, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir tjóni af völdum stefnda. Því hafi að minnsta kosti valdið gáleysi hans, þar sem hann hafi tekið við tékka, sem hann hafi vitað, að var innstæðulaus og dagsettur fram í tímann, og því mátt ætla, að innstæða yrði ekki fyrir hendi, þegar honum yrði framvísað. Ekki hafi hann vakið athygli Karls á, hversu háttáð var dagsetningu tékkans. Með öllu þessu hafi hann bakað stefnanda tjón, sem nemi stefnufjárhæðinni, og sjálfur hagnast um sömu upphæð, þannig að hann hafi fengið fullnaðarkvittun fyrir opinberum gjöldum fyrir árið 1962, fengið til baka kr. 13.426.00 og af þeirri fjárhæð greitt 2.000.00 kr. skuld. Þenna hagnað hafi hann fengið á óréttmætan hátt.

Fleira komi til en almennar bótareglur. Krafa stefnanda á hendur stefnda vegna opinberra gjalda og þeirrar fjárhæðar rakni við að nýju, þegar í ljós komi, að innstæða sé ekki fyrir tékkanum, og það þótt fyrirvaralaus kvittun hafi verið gefin.

Loks megi benda á það, að stefndi hafi auðgast á óréttmætan hátt, bæði af því að hafa fengið fullnaðarkvittun fyrir opinberum gjöldum og þeirri fjárhæð, sem hann hafi fengið til baka.

Stefndi hefur haldið fram aðalkröfu sinni til stuðnings, að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda. Hann hafi einungis krafizt framsals frá Karli Guðmundssyni, en ekki krafizt þess, að stefndi ritaði nafn sitt á tékkann, enda þótt ljóst væri, að opinber gjöld hans væru greidd honum. Hefði þetta, að opinber gjöld stefnda voru greidd með tékka þessum, veitt stefnanda fullt efni til að láta stefnda taka ábyrgð á gæðum tékkans. Engu máli geti hér skipt, á hvern hátt Karl hafi notað fé það, sem inn kom fyrir tékkann, enda hafi stefnandi tekið við tékkanum og gefið kvittun fyrirvaralaust.

Til stuðnings varakröfu sinni um sýknu, að svo stöddu, hefur

stefndi haldið fram, að ósannað sé, að stefnandi hafi tapað á því að taka við tékka þessum, þar sem alls ekki sé hægt að slá því föstu, að tékkinn muni ekki greiðast, enda skiptum ekki lokið í dánarbúi Garðars S. Gíslasonar, útgefanda tékkans.

Í máli þessu liggur ljóst fyrir, að stefndi, Björn Ársælsson, var eigandi tékkans, þegar hann fékk Karli Guðmundssyni hann. Verður að líta svo á, þegar virtar eru skýrslur þeirra stefnda og Karls, sem raktar hafa verið að framan, að Karl hafi verið sendimaður stefnda, en ekki fengið tékkann framseldan. Einnig liggur ljóst fyrir í máli þessu, að andvirði tékkans rann til stefnda, þannig að hann fékk kvittun fyrir opinberum gjöldum, að fjárhæð kr. 11.374.00, og til baka í peningum kr. 13.426.00.

Svo verður að líta á, að stefnandi hafi tekið við tékkanum til þess að freista þess að fá greiðslu af honum, en ekki sem fullnaðargreiðslu, þannig að hann gæfi stefnda eftir skuldina, um leið og hann tók við tékkanum.

Þar sem tékkinn reyndist innstæðulaus, hefur engin greiðsla farið fram, og stefndi skuldar stefnanda eftir sem áður kr. 11.374.00 vegna opinberra gjalda.

Um fjárhæð þá, kr. 13.426.00, sem stefndi fékk til baka, skal þetta tekið fram: Stefndi hefur sjálfur skýrt svo frá fyrir saka-dómi 17. janúar 1963, að hann hafi tekið við tékka þessum í nóvember 1962 sem tryggingu fyrir skuld og honum hafi verið ljóst, þegar hann tók við tékkanum, að innstæða var ekki fyrir hendi. Hafi Garðar S. Gíslason lofað, að hún skyldi vera fyrir hendi 21. desember 1962, en tékkinn var dagsettur fram í tímann.

Nú er tékki gjaldkræfur við sýningu, sbr. 28. gr. laga nr. 94/1933, og dagsetning, sem hér um ræðir, skal metin óskráð. Verður að líta svo á, að í því, hvernig dagsetning tékkans var háttáð, hafi falizt samkomulag milli stefnda og Garðars, að tékkanum skyldi ekki framvísað fyrr en 21. desember 1962.

Garðar S. Gíslason lézt 9. desember 1962, eins og áður segir, en ekki kannaði stefndi það þó, hvort innstæða væri fyrir hendi, áður en hann fékk Karli tékkann.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga auk þess, sem áður segir um það, hvað felist í viðtöku stefnanda á tékkanum, verður að telja, að stefndi geti ekki borið það fyrir sig, að stefnandi greiddi athugasemdalaust sendimanni stefnda til baka af andvirði tékkans kr. 13.426.00, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936. Ber stefnda því að endurgreiða stefnanda nefnda fjárhæð.

Verða því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti,

þannig að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 24.800.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, enda hefur þeim ekki verið sérstaklega andmælt. Jafnframt verður stefndi aðili kröfulýsingar stefnanda í dánarbúi Garðars S. Gíslasonar samkvæmt greindum tækka, enda hefur stefnandi lýst samþykki við því, sbr. ummæli í stefnu, sem áður hafa verið rakin.

Þá þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 5.800.00 í málskostnað.

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Ársælsson, greiði stefnanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, kr. 24.800.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 24. desember 1962 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. apríl 1965.

Nr. 167/1964. **Guðjón Guðjónsson**
 gegn
Huldu D. Miller.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Guðjónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
